

## Starfsskýrsla bókasafns Borgarholtsskóla Skólaárið 2017-2018

**Starfsfólk:** Ása Þorkelsdóttir upplýsingafræðingur, safnstýra og Steinunn Þórdís Árnadóttir upplýsingafræðingur, báðar í fullu starfi.

**Notendur:** 1367 nemendur voru við nám við skólann á haustönn og 1337 nemendur á vorönn. Starfsmenn á vorönn voru 128.

**Húsnæði:** Safnrými, lesstofa, skrifstofa og geymsla eru um 383 m<sup>2</sup>. 72 sæti eru fyrir safngesti.

**Opunartími:** Mánud. - fimmtud. kl. 8.00-16:30, föstud. kl. 8.00-15:30. Opíð var í 41,5 klst. á viku.

**Aðföng:** Áskrift er að 19 tímaritum, fréttabréfum og ársritum.

Skráð aðföng veturinn 2017-2018	Aðföng	Fyrri skólaár	Eign í maí
bækur	303	(281)	9246
kort	0	(0)	54
spil	0	(0)	29
geislaplötur (CD)	0	(0)	246
myndbönd	0	(0)	9
mynddiskar (DVD)	24	(14)	716
<b>Eintök alls:</b>	<b>327</b>	<b>(295)</b>	<b>10.300</b>

Uppruni gagna		Afskriftir	
keypt	313	glatað/vanskil	24
aðsent/ókeypis/gjafir	14	úrelt/ónýtt	252

Fjöldi titla eftir greinum		
001-099	Tölvufræði, bókaskrár, bókasafnsfræði, alfræðirit	5
100-299	Heimspeki, sálfræði, siðfræði, trúarbrögð	10
300-399	Félagsfræði, stjórnsmál, hagfræði, menntamál, þjóðfræði	29
400-499	Tungumál	15
500-599	Raunvísindi	19
600-699	Tækni, framleiðsla, iðnaður, heilbrigðisvísindi, viðskipti	31
700-799	Listir, skemmtanir, tómstundir, íþróttir	19
800-899	Bókmenntir	139
900-999	Sagnfræði, landafræði, ævisögur	20

Á árinu voru flest öll myndbönd safnsins afskrifuð þar sem um úrelt form er að ræða en nokkur var þegar búið að afrita á geisladiska.

**Útlán og millisafnalán:** 4166 (3928) eintök voru lánuð frá safninu. Millisafnalán voru 29 (25) eða 26 til safnsins og 3 til annarra bókasafna.

**Notkun safnsins.** Útlán hafa aðeins aukist á þessu ári, en almennt er talað um að útlánum fari fækkandi í flestum bókasöfnum. Viðvera nemenda á safninu er alltaf mikil og komið hefur

fyrir að vísa hefur þurft hópum frá vegna þess að allt er fullt. Mikil ásókn er í tölvur og kennarar taka frá ef þeir vilja vera öruggir með að fá tölvur fyrir sína hópa. Fartölvurnar sem keyptar voru síðastliðinn vetur hafa reynst vel og eru lánaðar á safni oft á dag.

### Rekstrarkostnaður:

Rekstrarkostnaður 2016	
bækur, tímarit og annað	1.175.143
bókasafnskerfi (hýsing og þjónusta)	640.464
gagnasöfn (landsaðgangur og Snara)	244.604
<b>Samtals:</b>	<b>2.060.211</b>

**Gagnasöfn og vefbækur:** Bókasafnið greiðir hlut í landsaðgangi að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum. Bókasafnið greiðir fyrir áskrift að vefbókasafninu Snara.is sem inniheldur orðabækur og fleiri handbækur og er því aðgengilegt öllum í skólanum. Einnig er keyptur rafrænn aðgangur að Morgunblaðinu.

**Tölvur og búnaður:** Endurnýjaðar voru 3 skrifborðsstólar á safninu í ár, 2 fyrir nemendur og 1 í afgreiðslu fyrir starfskonur. Eftir er að skipta út stólum í lesstofu og endurnýja áklæði á stólum við hópinnuborð og verður það gert í sumar.

**Safnkennsla:** Á vetrinum var safnkennsla fyrir 15 lífsleiknihópa, samtals 319 nemendur. Fyrirlestrar í upplýsingalæsi voru fyrir nemendur í dreifnámi, nemendur í sögu, nemendur á félagsvirkni- og uppeldissviði og nemendur á afreksíþróttabraut sem voru að vinna að lokaverkefni. Kynning var fyrir dreifnámsnemendur bæði vor og haust.

**Kynningarmál:** Bókasafnið er með upplýsingasíður á vef skólans. Þar er meðal annars hægt að nálgast aðfangalista hvers mánaðar og yfirlit yfir tímarit í áskrift. Einnig sendum við kennurum tölvupóst með upplýsingum um nýtt efni sem tengist þeirra kennslu- og áhugasviði. Á vefnum eru líka góðar leiðbeiningar fyrir upplýsingaleit og heimildanotkun. Óþið hús var í skólanum í mars og fjöldi fólks kom og skoðaði bókasafnið. Að venju var bókasafnið og vefur skólans kynnt í móttöku fyrir nýnema og foreldra þeirra á haustönn.

### Fundir og námskeið:

Starfskonur sóttu fundi hjá samstarfshópi bókasafns- og upplýsingafræðinga í framhaldsskólum. Ása fór á fræðslufund skrásetjara í Gegni og báðar fóru á Málþing um Samstarf og samvinnu sem haldið var af Upplýsingu – félagi bókasafns og upplýsingafræða. Ása fór á einn fund við undirbúning þess málþings. Báðar fóru í viku fræðsluferð til Amsterdam á Erasmus+ styrk við lok skólaársins.

**Önnur störf:** Ása situr í gæðaráði. Steinunn sér um vef skólans, er í kynningarráði og sat í ritnefnd blaðsins 2020 fyrir hönd Borgarholtsskóla. Steinunn hefur líka verið að vinna við skjalamálin og nýju persónuverndarlögin og hvernig þarf að bregðast við þeim.

Júní 2018 Ása Þorkelsdóttir